

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Ásahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur hreppsnefnd Ásahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun.

*Deiliskipulagsbreyting, Lækjartún II L215415.*

Óveruleg breyting er gerð á skilmálum gildandi deiliskipulags að Lækjartúni II L215415.

Með breytingunni er lóð fyrir tengivirki færð vestar. Aðkomuvegi er breytt til samræmis við færslu lóðar og einnig tengingu við Lækjartúnslínu 2.

Samþykkt í hreppsnefnd 15. apríl 2020.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 3. júlí 2020.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**